

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 227/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/637 frá 23. apríl 2019 um að samþykkja kólealsíferól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/641 frá 17. apríl 2019 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldra sæfivara, sem inniheldur 1R-transfenótrín, sem Írland lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12zzzzzw (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1251) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzx. **32019 R 0637**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/637 frá 23. apríl 2019 um að samþykkja kólealsíferól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 13).

12zzzzzy. **32019 D 0641**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/641 frá 17. apríl 2019 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldra sæfivara, sem inniheldur 1R-transfenótrín, sem Írland lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 26).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 26.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/637 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/641, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Gunnar Pálsson**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.